

Kosningar og starfslýsingar embætta Hverfisnefndar 1

Þegar kosið er í embætti er rétt að hafa í huga persónulega hæfni þeirra sem velja skal. Notast skal við þriðju arfleifð til kosninga í embætti innan Hverfisnefndar, samanber kafla 2.2. í þjónustuhandbók.

Oddamaður:

Hver hverfis- og svæðisnefnd kýs sér oddamann úr hópi deildarfulltrúa, sem starfar í tvö ár í senn. Oddamaður nefndarinnar starfar þá ekki lengur sem deildarfulltrúi sinnar heimadeildar, heldur sinnir eingöngu starfi oddamanns. Oddamaður Hverfisnefndar (D.C.M.) er mikilvægur hlekkur milli deildarfulltrúans (G.S.R.) og landsþjónusturáðstefnunnar. Sem leiðtogi hverfisnefndar, en í henni sitja allir deildarfulltrúar í hverfinu, heyrir oddamaðurinn í samvisku hverfisins. Þar sem oddamaðurinn fer fyrir hönd hverfisnefndar á landsþjónusturáðstefnuna getur hann sagt hug hverfisins á þeim vettvangi.

Við val á oddamanni og varamanni oddamanns er rétt að hafa í huga einstakling sem hefur hæfni og getu til að fá fólk til að vinna saman. Reynsla af stjórnun og rekstri er einnig góður kostur.

Hæfniskröfur oddamanns:

- Oddamaðurinn hefur starfað sem deildarfulltrúi og er kjörinn af öðrum deildarfulltrúum til að axla ábyrgð á athöfnum hverfisins.
- Oddamaðurinn skal hafa a.m.k. 3 ára samfelldan edrútíma, til að vera kjörgengur til setu á landsþjónusturáðstefnunni.
- Til að öðlast kjörgengi skal viðkomandi hafa starfað í hverfisnefnd í a.m.k. eitt ár.
- Sá eða sú sem fyrir valinu verður skal hafa nægan tíma og orku til að þjóna hverfinu af kostgæfni.

Skyldur oddamanns:

- Oddamaður stýrir fundum hverfisnefndar.
- Sér um að deila út verkefnum og mynda nefndir innan Hverfisnefndar.
- Tekur við öllum formlegum málefnum sem berast Hverfisnefnd.
- Heldur utan um fulltrúalista í samstarfi við ritara, eins og hann kemur fyrir á heimasíðu Hverfisnefndar.
- Oddamaður sér um allar bréfasendingar og umsjón með þeim.
- Oddamaður fer fyrir hönd Hverfisnefndar á landsþjónusturáðstefnu, sem haldin er í maí ár hvert.
- Oddamaður sendir fundarboð á þá sem skráðir eru á fulltrúalista, 3 dögum fyrir hverfisnefndarfund.

Kosning oddamanns:

- Kjósa skal nýjan oddamann á aprílfundi annað hvert ár, sem er oddatala.
- Nýr oddamaður tekur formlega við embætti á júnífund, sem einnig er síðasti fundur starfsársins.
- Fráfarandi oddamaður situr júnífund og aðstoðar nýjan oddamann við að komast inn í starfið.

Varaoddamaður:

Varaoddamaður skal leysa oddamann af, geti hann af einhverjum ástæðum ekki sinnt skyldum sínum. Varaoddamaður skal uppfylla sömu hæfniskröfur og oddamaður. Varaoddamaður skal taka þátt í starfi oddamanns og aðstoða hann við undirbúning og setu á hverfisnefndarfundum. Varaoddamaður starfar í eitt ár í senn. Varaoddamaður getur starfað sem deildarfulltrúi sinnar deildar en skal segja sig frá því ef Oddamaður þarf að hætta og varaoddamaður tekur við starfi Oddamanns fram að kosningum á júnífund.

Kosning varaoddamanns:

- Kjósa skal nýjan varaoddamann á júnífundum og skal hann starfa í eitt ár.
- Varaoddamaður skal sinna embætti sínu út tímabilið, þó svo að hann ljúki tímabili sínu sem deildarfulltrúi þeirrar deildar sem hann situr fyrir.

Gjaldkeri:

Hver hverfis- og svæðisnefnd kys sér gjaldkera úr hópi deildarfulltrúa, sem starfar í tvö ár í senn. Æskilegt er að gjaldkerar hafi a.m.k. 3 ára samfellda edrúmennsku. Til að öðlast kjörgengi skal viðkomandi hafa starfað í hverfisnefnd í a.m.k. eitt ár. Við val á gjaldkera er rétt að hafa í huga einstakling sem kann skil á bókfærslu og hefur sýnt ábyrgð í fjármálum.

Gjaldkeri mætir á fundum Hverfisnefndar þar sem hann gerir grein fyrir fjárhagslegri stöðu nefndarinnar. Gjaldkeri sendir yfirlit úr bankareikningi til ritara og oddamanns fyrir hvern fund. Gjaldkeri fylgist með rekstrarkostnaði Hverfisnefndar og gerir grein fyrir honum hvenær sem óskað er. Allt umfram fé rennur óskipt til landsþjónustunefndar (LÞN). Gjaldkeri ásamt Oddamanni er prókúruhafi á reikningi Hverfisnefndar.

Kosning gjaldkera:

- Kjósa skal nýjan gjaldkera á júnífundum annað hvert ár.
- Nýr gjaldkeri tekur formlega við á septemberfundum, sem einnig er fyrsti fundur starfsársins.
- Gjaldkeri heldur áfram að starfa sem deildarfulltrúi sinnar heimadeildar en sinnir gjaldkeraembætti engu síður í tvö ár.
- Gjaldkeri sinnir embætti sínu í tvö ár, jafnvel þó hann ljúki störfum sem deildarfulltrúi áður en skipunartíma gjaldkera lýkur.

Ritari:

Hver hverfis- og svæðisnefnd kys sér ritara úr hópi deildarfulltrúa, sem starfar í tvö ár í senn. Æskilegt er að ritarar hafi a.m.k. 3 ára samfellda edrúmennsku. Til að öðlast kjörgengi skal viðkomandi hafa starfað í Hverfisnefnd í a.m.k. eitt ár.

Við val á ritara er rétt að hafa í huga einstakling sem hefur gott vald á rituðu og töluðu máli.

Ritari skráir fundargerðir og varðveitir þær bæði í prentuðu og tölvutæku formi. Ritari sér um að setja fundargerðir inná vef Hverfisnefndar eða sendir á deildarfulltrúa auk þjóna Hverfisnefndar innan við viku frá fundi. Ritari sér einnig um að viðhalda fulltrúalista í samráði við oddamann.

Kosning ritara:

- Kjósa skal nýjan ritara á júnífundum annað hvert ár. sem er slétt tala.
- Nýr ritari tekur formlega við á septemberfundum, sem einnig er fyrsti fundur starfsársins.
- Ritari heldur áfram að starfa sem deildarfulltrúi sinnar heimadeildar, en sinnir ritaraembætti engu síður í tvö ár.

Varðandi setu í stjórn Hverfisnefndar og skyldur skv. skattayfirvöldum:

Hverfisnefnd setur sér starfsreglur varðandi hverjir skipa stjórn og eru ábyrgir gagnvart skattayfirvöldum og verða þær starfsreglur viðauki við þetta skjal.

Leiðbeinendur

Þetta er óformlegt hlutverk sem aðstoðar nýja deildarfulltrúa sem ekki hafa verið varamenn áður en þeir tóku við sem deildarfulltrúar og hafa þar af leiðandi ekki fengið viðeigandi kynningu á hverfisnefnd.

Leiðbeinandi ræðir við nýja deildarfulltrúann um tilgang hverfisnefndar og starf innan hennar og er honum til taks ef spurningar vakna.

Hverfisnefnd 1

Leiðbeinendur eru æskilega með 1 árs reynslu í hverfisnefnd.

Oddamaður parar saman nýliða og leiðbeinanda t.d. eftir kynningu deilda með

"Býður einhver sig fram til að leiðbeina X um tilgang og starf innan hverfisnefndar?"